

**24. mars 2015**  
**Stjórnarfundur Foreldrafélags Kelduskóla**  
**Kelduskóli Vík - kl. 20:00**

Mætt: Olga, Kristín Lóa, Ævar, Ásta (ritari)

**Páskabingóið - hvernig gekk?**

Bingóið gekk vel fyrir sig í báðum húsum. Í Vík voru einhver vandræði með hljóðið. Á næsta ári er hægt að fá Svan til að græja hljóðkerfi, en í ljós kom að það er til gott hljóðkerfi í Vík. Bingóforritið var ekki í notkun í Korpu þar sem tölva foreldrafélagsins bilaði áður en bingóið hófst.

Á báðum stöðum var þess saknað að 10. bekkur var ekki með fjáröflun. Reynt var að hvetja þau til að hafa fjáröflun, en það tókst ekki.

Á fundinum var talað um að foreldrafélagið muni vinna að því næsta haust að fá bekkjarfulltrúa til að skuldbinda sig til að vera með fjáröflun á ákveðnum viðburðum. Þannig lendum við ekki í svona aðstæðum. Nauðsynlegt er að negla þetta betur niður næst og fá fast svar. Þannig er hægt að úthluta fjáröfluninni til annarra árganga ef tilteknir árgangar kjósa að vera ekki með fjáröflun.

Ævar mun útbúa skýrslu sem segir betur frá bingóinu.

**Vorhátíðin framundan**

Vorhátíð Kelduskóla verður haldin í Korpu í ár, 13. maí. Ákveðið hefur verið að Sirkus Íslands verði með atriði. Verið er að skoða hvort skátarnir verði með einhver tæki eða eitthvað þess háttar í íþróttasalnum í Korpu. Reynum að hafa þetta flott, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem einungis ein hátíð verður haldin. T.d. væri hægt að hafa hljómsveit.

**Næstu fundir**

16. apríl heldur Samfok fund fyrir stjórnir eða bekkjarfulltrúa, skólaráð og nemendafélög. Kl. 18-21 í Hlöðunni í Gufunesbæ.

Skólaráð heldur fund þann 28. apríl. kl. 17:30 - 19:00, en þetta er sameiginlegur fundur foreldrafélags, skólaráðs og nemendafélags. Fundurinn verður haldinn í Vík.

Stjórnarfundur verður 28. apríl kl. 19 - 20, í framhaldi af fundinum með skólaráði og nemendafélaginu.

Fulltrúaráðsfundur verður miðvikudaginn 6. maí kl. 20 í Vík.

Aðalfundur verður þriðjudaginn 26. maí kl. 20 í Vík.

**Önnur mál**

Kostnaðarliðir:

- Sexting fyrirlestur kostaði 15 þúsund per bekkjardeild, alls 60 þúsund.
- Merking á íþróttafatnaði kostaði 47.500 krónur.
- Fyrirlestur Vöndu um vináttu 12.150 kr.

Vörur merktar fyrirtækjum

Sameiginlegt félag foreldrafélaga í Grafarvogi, Samgraf, ætlar að senda sameiginlega yfirlýsingu til að mótmæla reglum um afhendingu á merktum vörum af fyrirtækjum (t.d. tannburstar og hjálmar). Foreldrafélagið er sammála því að mótmæla þessum stífu reglum.

Eftirfylgni með öskudegi

Ásta biður um fund með Árnýju og Olgu til að ræða fyrirkomulag á öskudegi og tunnuslætti á næsta ári.

### Bréf til strætó

Ekki er búið að senda Strætó bréf til að fylgja eftir fyrra bréfi foreldrafélagsins. Farið verður í það í framhaldi af þessum fundi.

Næsti fundur verður 28. apríl. kl. 17:30 - 19:00, en það er sameiginlegur fundur foreldrafélags, skólaráðs, nemendafélags. Í framhaldi af honum verður haldinn stjórnarfundur hjá foreldrafélaginu.